

Ísafjörður, desember 9, 2025.

Til almannavarnanefnda á Vestfjörðum

Almannavarnanefnd Bolungarvíkur

Almannavarnanefnd Ísafjarðar og Súðavíkurhrepps

Almannavarnanefnd Strandabyggðar

Almannavarnanefnd Vesturbyggðar

Almannavarnanefnd Reykhólahrepps



Efni: Áskorun um undirbúning og gerð viðbragðsáætlunar vegna almyrkva 12. ágúst 2026

Kæru fulltrúar almannavarnanefnda,

Markaðsstofa Vestfjarða (Vestfjarðastofa ses.) hefur sett á laggirnar starfshóp sveitarfélaga fyrir undirbúning vegna almyrkva sem mun verða 12. ágúst 2026. Áhrif atburðarins á umferð, þjónustu, fjarskipti og öryggismál eru enn óljós og fjölda gesta erfitt að meta. Þó er það þannig að Vestfirðir eru að jafnaði fyrsti staður sem nefndur er í umfjöllunum um atburðinn þar sem lengstan tíma almyrkva gætir á Látrabjargi, þá er gott að nefna að flestir gistaðir eru og hafa verið uppbókaðir allt að tveimur árum fyrir 12. ágúst. Því má draga þá ályktun að á Vestfjörðum gæti orðið verulegt álag á þessum degi.

Markaðsstofa Vestfjarða eru hluti af sameiginlegu samtali markaðsstofa landsins um almyrkva 2026. Þar fer fram miðlun á upplýsingum, þekkingu og vinna við að finna lausnir á sameiginlegum áskorunum.

Lögregluembættin á Vestfjörðum, Vesturlandi og í Reykjavík eru þegar í virku samtali um atburðinn. Þá hafa Almannavarnir Suðurnesja sett á fót markvissa vinnu, m.a. um umferðarmál, fjarskipti, öryggi og samhæfingu aðila. Slíkt frumkvæði sýnir mikilvægi þess að hver landshluti hefji undirbúning tímanlega og byggi upp skýra verkstýringu.

Ferðamálastofa hefur sent út könnun til ferðaskipuleggjenda og ferðaþjónustuaðila um væntanlegan fjölda gesta og ferðatilhögun, von er að niðurstöðurnar sem (liggja ekki enn fyrir) gefi ágæta mynd af flæði ferðamanna á deginum. Reynslan frá öðrum sambærilegum atburðum erlendis sýnir þó að fólk ferðast langar vegalengdir til að fá sem bestu upplifun. Því gæti orðið verulegt flæði ferðamanna vestur á við á frekar stuttum tíma.



Með hliðsjón af vinnu Almannavarna Suðurnesja og sérstöðu Vestfjarða viljum við vekja athygli ykkar á eftirfarandi áhættum og verkefnissviðum:

- **Umferðarstýring og akstursöryggi:**

Álag gæti skapast á lykilleiðum, einkum einbreiðum jarðgöngum (t.d. Breiðadalur og Botnsheiði) og á út á Látrabjarg þar sem vegurinn er lélegur og almyrkvi er sýnilegur lengst á landinu. Þessir staðir sem og fleiri gætu krafist tímabundinnar stýringar og aukinna merkinga í samráði við Vegagerð og lögreglu.

- **Viðbragðsáætlanir og öryggi:**

Það þarf að skoða viðveru lögreglu, björgunarsveita og sjúkraflutninga á deginum, og tryggja að verkefnið tengist gildandi neyðaráætlunum sveitarfélaga.

- **Fjarskiptamál:**

Áhyggjur eru uppi vegna veikra fjarskiptasvæða á stofnvegum og í dreifðum byggðum. Hugsanlega þarf fjarskiptakerrur eða tímabundna lausnir og mikilvægt er að samtal sé hafið við Fjarskiptastofu og þjónustuveitendur.

- **Flug- og skipaumferð, eftirlit:**

Kortleggja þarf flug- og þyrluumferð yfir svæðið, þá þarf einnig að greina skipaumferð en yfir 30 skemmtiferðaskip verða á almyrkvaslóð milli Grænlands og Íslands á deginum.

- **Lokanir og aðgengi að viðkvæmum svæðum**

- **Samstarf á lands- og svæðisvísu:**

Mikilvægt er að Vestfirðir taki virkan þátt í sameiginlegri vinnu landshluta um fjarskipti, umferð og upplýsingamiðlun og að sveitarfélög setji verkefnið inn í fjárhagsáætlanir með nægilegum fyrirvara.

- **Kortlagning útsýnisstaða og viðveru:**

Meta þarf hvar þörf er á viðbragðsaðilum, auknu eftirliti, einkum á vinsælum útsýnisstöðum og leiðum að þeim.

- **Tengsl við ferðapjónustuaðila og flæði hópa:**

Nauðsynlegt er að fá yfirlit yfir væntanlegar ferðir ferðaskipuleggjenda, skemmtiferðaskipa og hópa til að meta álag á innviði og þjónustu.

Þessi atburður er ekki hefðbundinn „viðburður“ heldur fyrirséð náttúruundur, það er því erfitt að meta umfang og alvarleika fyrirfram. Þess vegna er mikilvægt að samhæfður undirbúningur hefjist sem fyrst.



Markaðsstofa Vestfjarða skorar á almannavarnanefndir að hefja formlega gerð viðbragðsáætlana vegna almyrkva 2026 og tryggja tengingu samráð lögreglu og landshlutaþópa. Við erum jafnframt reiðubúin að beita starfshópnum sem vettvangi fyrir samráð og upplýsingamiðlun.

Virðingarfyllt,

Sölvi Rúnar Guðmundsson – Valgeir Jens Guðmundsson

fyrir hönd Markaðsstofu Vestfjarða / Visit Westfjords

